Morgunblaðið

Útgefandi hf. Árvakur, Reykjavík.
Framkvæmdastjóri Haraldur Sveinsson.
Ritstjórar Matthías Johannessen, Styrmir Gunnarsson.
Aðstoðarritstjóri Björn Bjarnason.
Fulltrúar ritstjóra Þorbjörn Guðmundsson, Björn Jóhannsson, Árni Jörgensen.
Fréttastjórar Freysteinn Jóhannsson, Magnús Finnsson, Sigtryggur Sigtryggsson, Ágúst Ingi Jónsson.
Auglýsingastjóri Baldvin Jónsson.

Ritstjórn og skrifstofur: Aðalstræti 6, sími 10100. Auglýsingar: Aðalstræti 6, sími 22480. Afgreiðsla: Kringlan 1, sími 83033. Áskriftargjald 400 kr. á mánuði innanlands. Í lausasölu 35 kr. eintakið.

Tvö hundruð mílur tíu ára

Það var stór stund í Íslandssögu þegar ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar færði fiskveiðilögsögu okkar út í 200 mílur 15. október 1975. Matthías Bjarnason, þá sjávarútvegsráðherra, undirritaði reglugerð nr. 299 um fiskveiðilandhelgi Íslands 15. júlí 1975. Hún kvað á um útfærslu í 200 mílur 15. október það sama ár.

„Þessi útfærsla lögsögunnar í 200 mílur skapaði alger þáttaskil í yfirráðum okkar yfir fiskimiðunum — og höfðum við þó staðið í stórræðum áður," segir Matthías Bjarnason í viðtali við Morgunblaðið í dag.

Þorskastríðið svokallaða, sem hófst á ný í kjölfar útfærslunnar, var um síðir leyst með fullum sigri Íslendinga, máske fyrst og fremst innan vébanda Atlantshafsbandalagsins.

Geir Hallgrímsson, þá forsætisráðherra, segir m.a. í viðtali við Morgunblaðið í dag:

„Einn af lokaþáttum málsins átti sér síðan einmitt stað í tengslum við utanríkisráðherrafund Atlantshafsbandalagsins í Osló vorið 1976. Þá áttum við Einar Ágústsson, þáverandi utanríkisráðherra, fund með Anthony Crosland, sem þá hafði rétt áður tekið við embætti utanríkisráðherra í Bretlandi... Þar vóru lögð drögin að því samkomulagi sem undirritað var í Oslo mánuði síðar. Með því samkomulagi var fullur sigur unninn í þessu mikla hagsmunamáli okkar".

Hugmyndin um útfærslu í 200 mílur fær fyrst verulegan byr undir vængi í júlímánuði 1973. Þá afhenda fimm þjóðkunnir menn (Eiríkur Kristófersson, skipherra, Magnús Sigurjónsson, Guðjón B. Ólafsson, Einar Sigurðsson og Hreggviður Jónsson) þáverandi forsætisráðherra áskorun fimmtíu forvígismanna í sjávarútvegi og landhelgisgæzlu. Áskorunin hvatti til þess að Íslendingar krefðust 200 mílna fiskveiðilögsögu á þá væntanlegri hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna og skipuðu sér þar á bekk með þeim þjóðum, sem þegar höfðu tekið ákvörðun um slíka landhelgi.

Morgunblaðið fylgdi þessari kröfu fast eftir, m.a í fjölda forystugreina, og hún fékk almannastuðning. Andstaða sagði einkum til sín í Alþýðubandalaginu og á síðum Þjóðviljans. Hún koðnaði síðan smám saman niður.

Þigflokkur og miðstjórn Sjálfstæðisflokksins taka einarða afstöðu til stuðnings við 200 mílna útfærslu á fundi, sem haldinn var í Borgarnesi 30. ágúst 1973. Málið setur síðan svip á þingkosningar 1974. Flokkurinn gekk þá til kosninga undir formennsku Geirs Hallgrímssonar og vann einn sinn glæsilegasta sigur. Þeim sigri var síðan fylgt eftir með útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 200 mílur, sem fyrr segir. Þegar til lokaákvörðunar og framkvæmda kom stóð einhuga þjóð að baki þessu stóra máli, sem var í raun beint framhald af sjálfstæðisbaráttu hennar, sem leitt hafði til fullveldis 1918 og lýðveldisstofnunar 1944.

Sem fyrr segir vannst síðan fullnaðarsigur, þ.e. viðurkenning umheimsins á 200 mílna íslenzkri fiskveiðilögsögu, með Oslóarsamkomulaginu, sem gert var innan vébanda Atlantshafsbandalagsins, og framvindu og lyktum mála á hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna.

Erlendum fiskveiðiflotum var þar með endanlega stuggað af Íslandsmiðum og íslenzk yfirráð þeirra fulltryggð til frambúðar.

Land og sonur

Jóhannes S. Kjarval var listamaður landsins alls, þjóðarinnar allrar. Engu að síður gera borgarbúar sérstakt tilkall til hans. Hann var með sínum hætti listamaður Reykvíkinga...

Borgin var önnur meðan hann bjó þar og starfaði og einkum og sér í lagi meðan ára hans magnaði undarlega stemmningu í hjarta borgarinnar.

Borgarbúar vissu af nálægð hans, og þeir fundu, að þar fór snillingsmenni af stærstu gerð, sem hvarvetna í heiminum hefði skagað upp úr..."

Það er Davíð Oddsson, borgarstjóri, sem þannig kemst að orði í formála ævisögu Jóhannesar S. Kjarval, listmálara, sem kemur út í tilefni þess að í dag eru hundrað ár liðin frá fæðingu meistarans.

Reykjavíkurborg stóð fyrir ritun ævisögunnar. Útgefandi er Almenna bókafélagið. Höfundur Indriði G. Þorsteinsson. Borgarstjóri segir í formála að saga listamannsins verði „aldrei skráð í eitt skipti fyrir öll". Það sé hinsvegar fagnaðarefni, „að góður maður og góður rithöfundur tókst á hendur hluta af því ægiverkefni, og skilar því vel".

Jóhannes Sveinsson Kjarval fæddist að Efri-Ey í Meðallandi 15. október 1885. Hann flytzt til Reykjavíkur á morgni nýrrar aldar, 1901. Þar stundar hann sjósókn á vertíðum, en nýtir hverja stund sem gefst til þess að mála. Það er þó ekki fyrr en 1908 að hann heldur fyrstu málverkasýningu sína í „Gúttó". „Eðlisgáfan og lærdómsleysið mest áberandi" sagði þeirrar tíðar gagnrýnandi.

Árið 1912 hefur Kjarval nám í tækniskóla í Kaupmannahöfn. Hann hefur mikið saman að sælda við ljóðskáldið og leikritahöfundinn Jóhann Sigurjónsson. Gerir meðal annars leiktjöld við Fjalla-Eyvind eftir Jóhann sem Dramaten-leikhúsið í Stokkhólmi sviðsetti. Á þessum árum kynnist hann öðru stórskáldi, Einari Benediktssyni.

Árið 1914 hefur Kjarval nám í Akademíunni í Kaupmannahöfn og brottskrifast þaðan fullveldisárið 1918. Árið 1915 kvænist hann Tove Merild, dönskum rithöfundi og ritstjóra menningartímarits. Árið 1917 heldur hann fyrstu einkasýningu sína ytra í Det Frie Galleri í Kaupmannahöfn. „Myndir hans stafa frá sér brotageislum sólarupprásar og kvöldroða," segir í umsögn frá þessum tíma, „og sagna- og ævintýraheimur Íslands hefur léð huga hans vængi til flugs..."

Næstu allmörg ár stendur hann sitt hvorum fæti, bæði í lífi og list, erlendis, í iðu evrópskrar menningar, og heima, í íslenzku landslagi og litadýrð. Hann dvelur löngum á Þingvöllum, t.d. allt alþingishátíðarsumarið 1930. List hans var fyrst og fremst íslenzk en hafði alþjóðlega dýpt.

Kjarval varð þjóðsagnapersóna löngu áður en hann lézt 86 ára 1972 — og fór ekki troðnar slóðir. En hann gerði samtíð sína ríka, í listrænu tilliti, og gaf eftirkomendum arf, sem virtur verður meðan Ísland verður byggt.

Höfuðborgin tjaldar fjölmörgu í tilefni 100 ára fæðingarafmælis meistara Kjarvals, auk ævisögunnar. Nefna má stórsýningu á Kjarvalsstöðum og sérsýningu í Listasafni Íslands. Og sýning, tengd starfi meistarans, er í Háholti í Hafnarfirði.

„Í myndum Kjarvals birtist landslag Íslands, hinar eilífu sýnir fólksins af landi sínu, ekki aðeins í meiri fjölbreytni, heldur einnig í tröllauknari listrænni túlkun en hjá nokkrum öðrum snillingi...," sagði Halldór Laxnes.

Jóhanne Kjarval hundrað

— eftir Valtý Pétursson

Það er eitthvað á reiki með dagsetningu hingaðkomu meistara Kjarvals. Kirkjubækur tapaðar eða vanræksla klerks að skrásetja þennan merka atburð. Hvernig svo sem í þessu máli liggur mun ártalið vera rétt, en þegar Kjarval var heiðraður með yfirlitssyningu í Menntaskólanum gamla í tilefni af fimmtugsafmæli, var það afráðið, að hann væri fæddur 15. október, og síðan hafa menn haldið sig við þá dagsetningu. Það voru góðvinir hans, er gengust fyrir þeirri sýningu, og fremstir fóru þar í flokki Guðbrandur Magnússon og Magnús Kjaran. Allir eru þessir menn nú komnir undir græna torfu og enginn raunverulega til frásagnar um, hvernig þessi dagsetning varð til. Þetta litla atvik kennir okkur, hve fljótt er að fenna yfir hlutina bæði í tíma og rúmi. Áður en nokkur veit af, þynnist flokkurinn og lítið verður eftir nema endurminning, sem oft á tíðum vill brenglast furðu fljótt. En hvernig svo sem þessi dagsetning hefur orðið til, var Jóhannes Sveinsson Kjarval dús við hana og notfærði 15. október sem fæðingardag sinn, og nú verður mikil hátíð í tilefni dagsins. Engan mun á því furða, sem gert hefur sér grein fyrir, hver Jóhannes Sveinsson Kjarval var og raunverulega er í tilveru þessarar litlu en gömlu þjóðar, sem byggt hefur tilverurétt sinn á listum fremur en veraldlegum auði, þjóðar sem fundið hefur tilveru sína í bókum og bundnu máli og nú í seinni tíð í myndlist ýmiss konar og farið nútímalegar leiðir til að tjá reynslu og hug sinn. Sá maður, sem einna mest hefur lagt af mörkum í því undri, sem er að gerast meðal Íslendinga, er horfinn fyrir nokkrum árum af sjónarsviðinu. Hann var ekki einvörðungu mikill og frjór listamaður í málverki sínu. Hann var einnig litríkur skrifari og orti einkennileg ljóð. Öllu er frá hans hendi kom á prenti hefur verið vel haldið til haga, og einn góðan veðurdag verður því öllu gert skil. Það er ég viss um, að í skrifum Kjarvals leynast gimsteinar, og til stuðnings máli mínu minni ég á bréfið fræga frá London á sínum tíma — stórkostlegt listaverk, sem er á mælikvarða við sumar af myndum meistarans. Nú eru hundrað ár frá fæðingu Jóhannesar.

Já, það er sannarlega ástæða til að minnast þess sérstæða fyrirbæris í íslenskri þjóðarsögu, sem Jóhannes Sveinsson Kjarval er. Hann var þjóðsaga í lifanda lífi, og hann fór allt aðrar leiðir en samtíð hans og gerði stundum að gamni sínu á þann veg, að fólk vissi ekkert, hvernig það átti að bregðast við. Margur kynntist við Kjarval á langri ævi, og hann átti aðdáendur og vini um allt land. Sumir héldu, að þeir þekktu hann nokkuð vel, þar á meðal ég, en ég fullyrði þó, að flestir ef ekki allir sem höfðu af honum einhver afskipti, ráku sig sí og æ á nýjar hliðar á þessum undramanni. Ég man til að mynda eitt sinn, er fundum okkar bar saman og við vorum tveir einir í vinnustofu hans við Njálsgötuna. Þar sýndi hann mér eftirprentun af frægu málverki, sem hann lék sér að gagnrýna á svo snilldarlegan hátt, að enginn sérfræðingur hefði komist betur frá þeirri greiningu. Ég varð mjög hissa, því að ég hafði ekki gert mér nokkra grein fyrir því, hve vel Kjarval var að sér í listasögunni. Eftir þessa kvöldstund fór ég stundum í smiðju til Kjarvals um hvert álit hann hefði á þessu og hinu, en það varð að gerast undir fjögur augu. Ef þau urðu sex, vildi sjónarspil blandast í málið, og þá varð Móri laus, eins og ég heyrði hann eitt sinn segja.

Uppákomur Kjarvals voru oft á tíðum mjög skemmtilegar, en samt voru þær nær ætíð með einhverjum broddi. Oft var erfitt að kyngja sumu af því, sem hann bar á borð, en væri betur að gáð, mátti oftast komast að einhverri niðurstöðu. Sérviskan og látalætin voru ekki alltaf ekta, og viss er ég um, að oft komst hann hjá því að svara heimskum spurningum með því að ganga fram af viðkomandi og tala í austur, þegar talað var við hann í vestur. Fyrir slíkt varð hann þjóðsaga í lifanda lífi, og urmull af skrítnum sögum er til um Jóhannes Sveinsson Kjarval. Hann var visst landamerki í miðbænum í Reykjavík, og hans herradæmi voru hornin á Austurstræti og Pósthússtræti. Þar mátti hérumbil ganga að honum vísum um árabil, og svo hvarf hann inn á Hótel Borg, þegar kreppan var á enda og hann hættur að gera dýrðleg listaverk á maskínupappa, bæði með olíulitum og svörtu bleki. Það þykir ef til vill saga til næsta bæjar, að Kjarval átti ekki fyrir efni til að vinna með í eina tíð. Nú er hver smásnepill, sem hann rissaði á sér til hugarfróunar hér og þar, stakk síðan á sig og hélt til haga, seldur fyrir stórar fúlgur — að vísu í verðbólguþjóðfélagi. Hann sagði eitthvað í þá veru eitt sinn er hann var spurður, hvort hann kynni ekki eins vel við sig út í sveit eins og í bænum: Satt að segja finnst mér ég alltaf vera innsta húsið við Laugaveginn.

Manni dettur stundum í hug, að Íslendingar álíti listastarf vera fyrst og fremst hjáverk. Snorri á að hafa skrifað bækur sínar milli þess, sem hann vafstraði í pólitík. Steingrímur og Matthías ortu báðir í hjáverkum, og svo mætti lengi telja. Örfáir Íslendingar gerðu listina að aðalstarfi og það ekki fyrr en á tuttugustu öld. Einn þeirra var Jóhannes Sveinsson Kjarval. Öll framaganga hans á listabrautinni var, ef svo mætti að orði komast, þyrnum stráð lengi vel, og hefði hann ekki notið einstakrar umhyggju og velvildar samtíðarmanna sinna sumra, má guð einn vita, hvernig farið hefði.